

Fulltrúar ABR í flokksráði

Munið undirbúningafundinn kl. 14 í dag

A félagsfundir Alþýðubandalagsins í Reykjavík, sem haldinn var á fimmtudagskvöld voru kjörnir 40 fulltrúar félagsins á flokksráðsfund, sem haldinn verður um næstu helgi. 4 manna flokksstjórn er sjálfkjörin, en í henni eiga sæti eftirtaldir félagar

í ABR: Guðrún Helgadóttir Kjartan Ólafsson og Tryggvi Þór Aðalsteinsson. Þau voru því ekki í kjöri.

Aðalmenn voru kjörnir: Adda Bára Sigfusdóttir, Alfheiður Ingadóttir, Arni Bergmann, Arnundur Backmann, Arthúr Mortens, Ásmundur Stefánsson, Baldur Óskarsson, Benedikt Kristjánsson, Björn Arnórsson, Bragi Guðbrandsson, Eðvarð Sigurðsson, Einar Karl Haraldsson, Erlingur Viggósson, Ester Jónsdóttir, Gils Guðmundsson, Grétar Þorsteinsson, Guðjón Jónsson, Guðmundur Þ. Jónsson, Guðmundur Magnússon, Guðrún Agústs dóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Gunnar Eydal, Gunnar Guttormsson, Haraldur Steinþórsson, Hrafn Magnússon, Ingi R. Helgason, Kristján Valdimarsson, Loftur Guttormsson, Margrét Björnsdóttir, Margrét Guðnadóttir, Páll Bergþórsson, Sigurður Magnússon, Sigurjón Pétursson, Svava Jakobsdóttir, Svavar Gestsson, Úlfar Þor-móðsson, Vilborg Harbárdóttir, Þór Vigfússon, Þorbjörn Broddason og Þorsteinn Magnússon.

Varamenn voru kjörnir: 1. Hjalti Kristgeirsson, 2. Skúli Thoroddsen, 3. Svanur Kristjánsson, 4. Þorlákur Morthens, 5. Ragnar Geirdal, 6. Þröstur Ólafsson, 7. Tryggvi Sigurbjarnarson, 8. Sigurður G. Tómasson, 9. Guðmundur J. Guðmundsson, 10. Þórarinn Magnússon, 11. Stefania Traustadóttir, 12. Ásmundur Hilmarsson, 13. Snorri Jónsson, 14. Stefán Karlsson, 15. Þorsteinn Vilhjálmsson, 16. Jason Steinþórsson, 17. Einar Ógmundsson, 18. Sveinn Aðalsteinsson, 19. Jónas Sigurðsson, 20. Brynjólfur Bjarnason, 21. Helga Ólafsdóttir, 22. Ingólfur Ingólfsson, 23. Borgþór Kjærnestad, 24. Guðmundur Jónsson, 25. Guðmundur Vigfússon, 26. Ævar Kjartansson, 27. Sigurjón Rist, 28. Kristín Guðbjörnsdóttir, 29. Guðmundur Framhald á bls. 13

VÍSTIR helgarblað

Hressst að vanda!

Í DAG M.A.

„Ég er lélegur skrifstofumaður og afar vitlaus í reikningi”

segir Örlygur Hálfánarson, bókaútfandi í Helgarviðtalinu.



Sigldi yfir Atlantshafið liggjandi á bakinu!

Viðtal við Sigurð Þorsteinsson, skipstjóra.



Einar Bollason á slóðum bestu körfuknattleiksmanna heimsins



Eitraðir bananar

Milljónamæringurinn sem var látinn éta eitraða banana er í þættinum „Sérstæð sakamál”.



Strindberg í nýju og óvæntu ljósi

Sagt frá ævisögu Strindbergs, sem Olof Lagercrantz hefur skrifað og vakið hefur mikið umtal í Svihjóð.

VÍSTIR helgarblað

...og helgin er komin!



Astralski fyrirlesarinn og ljósmyndarinn David E. Lawson

Fyrirlestur um landið helga

David E. Lawson frá Astralíu byrjar á morgun fyrirlestrarferð um Island með erindi og litskyggnusýningum í Frikirkjunni kl. 5.00 og 8.30. Fjallar hann um „Landið helga”, Palestínu. Nauðsynlegt er að láta taka frá sæti í síma 1-49-13.

Kvik-myndasýning í MÍR

Í dag kl. 15.00 verður sýnd í MÍR-salnum, Laugavegi 178, sovéska kvikmyndin „Glinka” frá árinu 1952, dramatísk músikmynd um hið fræga rússneska tónskáld Glinka, líf hans og störf. Leikstjóri: Grigorí Alexandroff, myndataka: Edvard Tisse.

Aðgangur að kvikmyndasýningunum í MÍR-salnum er ókeypis og öllum heimill.

Sýningu Hallsteins að ljúka

A morgun lýkur í FIM-salnum sýningu Hallsteins Sigurðssonar myndhöggvara. Sýnir hann þar 15 járnmyndir. Sýningin hefur hlotið góða dóm, og m.a. sagði einn gagnrýnenda, að með þessari sýningu styrkti Hallsteinn stöðu sína í fremstu röð íslenskra myndhöggvara.

Sýngin er opin kl. 15-22 í dag og á morgun.

Sjóeldi og hafbeit

Landbúnaðarráðherra hefur skipað nefnd til að kanna hvar hagkvæmir möguleikar eru til fiskeldis við strendur landsins og hafbeitar.


Nefnd þessi var skipuð 5. febrúar s.l. skv. tilnefningum og eiga sæti í henni þrír menn. Formaður nefndarinnar er Arni Ísaksson, fiskifræðingur, tilnefndur af Veiðimálastofnuninni; Karl Ragnars verkfræðingur er tilnefndur af Orkustofnun og Unnsteinn Stefánsson efnafræðingur er tilnefndur af

Hafrannsóknarstofnun. Í skipunarbrefi nefndarinnar segir að henni sé einkum ætlað að athuga hvar hagkvæma möguleika til sjóeldis er að finna við strendur landsins og hvar aðstæða er til nýtingar heits og kalds vatns við eldið, hvort sem er í sjókvíum eða kerjum á landi sem sjóyrði dælt í. Jafnframt er nefndinni falið að athuga hafbeitar-möguleika og gera tillögur um hvar og hvernig auknum aðgerðum á því sviði verður best við komið. —AI.

Aukasýning á Hvað sögðu englarnir?

Mikil aðsókn varð á tvær síðustu sýningarar á leikriti Ninu Bjarkar Arnadóttur Hvað sögðu englarnir? og urðu ýmsir frá að hverfa. Hefur því verið ákveðið að hafa eina aukasýningu á verkinu áður en það verður endanlega lagt til hliðar og

verður sú sýning n.k. sunnudagskvöld 17. febrúar klukkan 20.30 á Litla sviði Þjóðleikhússins. Verður þetta allra síðasta tækifærið til að sjá þessa nýstárlegu uppfærslu þar eð sá hópur sem við sýninguna starfar dreifist á önnur verkefni á næstu vikum.



Margt fagurra gripa er á sýningunni Listið íslenskra kvenna, eins og t.d. þetta listaverk eftir Vigdísí Kristjánadóttur. Ljós m.: — gel.

Listið kvenna

Í dag verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýningin Listið íslenskra kvenna, sem Bandalag kvenna í Reykjavík gengst fyrir. Verður hún opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00 og lýkur sunnudagskvöldið 24. febrúar.

Á sýningunni gefur að líta ýmiskonar verk eftir íslenskar listakonur, þekktar og óþekktar. Flest eru verkin eftir nútímakonur, en nokkur eldri verk eru þó með. Sýningin er fjölbreytt, og sýnir að íslenskar konur hafa

fengist og fást við fjölmargar listiðngreinar, svo sem vefnað, leirkerasmíði, gull- og silfursmíði og hverskyns listræna handavinnu. Mikil er um fatnað á sýningunni: handþrjónaða kjóla og kápur, batíkkjóla og ofnar flikur.

Ýmsar upptökur verða á sýningunni og má þar nefna tiskusýningar undir stjórn Unnar Arngrímsdóttur og sýningar Þjóðdansafélags Reykjavíkur á þjóðbúningum og þjóðdönsum. — ih